

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 130/114*  
*komudagur 25. 2. 2004*

Nefndasvið Alþingis  
Sigrún Brynja Einarasdóttir, nefndarritari.  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. febrúar 2004.

**Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um fullnustu refsinga, 130. löggjafarþing 2003-2004, þskj. 673 – 465. mál.**

Laganefnd LMFÍ hefur haft ofangreint frumvarp til athugunar. Nefndin telur það í sjálfu sér fagnaðarefni, að sett séu ítarleg lög um réttindi og skyldur dæmdra manna við afplánun refsingar. Þá er það einnig virðingarvert að gildandi reglur um fullnustu refsinga og réttindi og skyldur fanga skuli gerðar skýrari og lagastoðir þeirra ótvíræðar, enda mikilsvert fyrir þá sem afplána refsingu að réttindi þeirra og skyldur séu þeim ljós þegar við upphaf afplánunar. Frumvarpið ber þó með sér, þvert ofan í yfirlýst markmið frumvarpsins, að það er fyrst og fremst samið með hagsmuni fangelsismálayfirvalda í huga, fremur en hagsmuni fanga.

Þannig telur laganefndin að ástæða sé til þess að festa í lögum ákvæði um rétt fanga til að velja sér trúnaðarmenn, rétt þeirra og skyldur. Þykir nefndinni eðlilegt að trúnaðarmenn fanga hafi rétt til að tala máli fanga almennt gagnvart fangelsisyfirvöldum og öðrum, svo og til að beita sér í einstökum málum fyrir hönd fanga. Í 2. mgr. 82. gr. frumvarpsins er dómsmálaráðherra heimilað að kveða nánar á í reglugerð um trúnaðarmenn fanga, um viðtöl þeirra við fjölmiðla o.fl. atriði. Laganefndin telur eðlilegt að ákvæði af þessum toga verði tekin upp í lögin, þótt útfæra megi þau nánar í reglugerð. Í þessu sambandi má einnig vísa til 73. gr. stjórnarskrárinnar, en tjáningarfrelsi fanga er vita-skuld varið af þeirri grein á sama hátt og tjáningarfrelsi annarra.

Laganefnd LMFÍ telur einnig rétt, að tekin verði upp ákvæði í lög um fullnustu refsinga, sem mæli fyrir um opinbera réttaraðstoð fanga. Ákærðir menn og þeir sem krafist er að sæti gæsluvarðhaldi njóta almennt þess réttar að geta óskað aðstoðar skipaðs verjanda, sbr. 1. mgr. 34. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Kostnaður af skipuninni telst til sakarkostnaðar, sbr. a-lið 1. mgr. 164. gr. sömu laga. Þessi réttur ákærðra manna er jafnframt varinn af c-lið 3. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, en hafi ákærður maður ekki nóg fé til að greiða lögfræðiaðstoð skal hann fá hana ókeypis ef það er nauðsynlegt vegna réttvísinnar.

Aðstaða dæmdra manna er allt önnur en aðstaða ákærðra manna að þessu leyti. Dæmdir menn eiga í dag ekki rétt til lögfræðilegrar aðstoðar með sama hætti og ákærðir menn og á lögmönnum hvílir engin skylda til að taka að sér hagsmunagæslu fyrir fanga eftir að dómur fellur, sbr. hins vegar 1. mgr. 20. gr. laga nr. 77/1998 um lögmenn varðandi skyldu lögmanna til að taka við skipun sem verjandi eða réttargæslumaður. Það er því undir hverjum og einum lögmanni komið hvort hann aðstoðar fanga sem leitar eftir þjónustu hans.

Reynslan hefur leitt í ljós að þörfin fyrir lögfræðiaðstoð er oft á tíðum jafnrík eftir að dómur er fallinn í máli og afplánun hafin og fyrir það tímamark, enda er víða minnst á

lögmann fanga í ákvæðum frumvarpsins. Hafa ber í huga að afplánunarfangar hafa verið sviptir frelsi sínu gegn eigin vilja og réttindi þeirra og lífsgæði eru á margan hátt takmörkuð á meðan á afplánun þeirra stendur. Við þessar aðstæður er ekki aðeins brýnt að réttindi og skyldur allra séu skýrt afmarkaðar, heldur ekki síður hitt að föngum séu tryggð nauðsynleg úrræði til málskots og réttarástoð til að fylgja málum sínum eftir, ef þeir telja að réttur hafi verið á þeim brotinn.

Laganefnd LMFÍ gerir alvarlegar athugasemdir við það, að ekki sé gerður greinarmunur á gæsluvarðhaldsföngum annars vegar og almennum afplánunarföngum hins vegar í ákvæðum frumvarpsins. Sérstök athugasemd er gerð við það að heimilað verði að vista gæsluvarðhaldsfanga meðal afplánunarfanga, ef einangrun telst ekki nauðsynleg, sbr. 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins.

Að mati laganefndarinnar er grundvallarmunur á réttarstöðu þeirra sem sæta gæsluvarðhaldi annars vegar og afplánunarfanga hins vegar. Samkvæmt 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, skal hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi talinn saklaus uns sekt hans hefur verið sönnuð. Sekt manna telst ekki sönnuð fyrr en að gengnum endanlegum áfellingisdómi, eftir atvikum fyrir Hæstarétti Íslands. Samkvæmt þessu ber að líta svo á við vörslu gæsluvarðhaldsfanga, að þeir séu saklausir af þeim sökum sem á þá hafa verið bornar, ólíkt því sem gildir um afplánunarfanga sem hlotið hafa refsidóma fyrir afbrot sín.

Það er álit laganefndar LMFÍ, með hliðsjón af framangreindu, að vistun gæsluvarðhaldsfanga meðal afplánunarfanga samrýmist vart ákvæðum 1. mgr. 68. gr. stjórnarskrárinnar og 3. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, en í ákvæðum þessum er lagt bann við því að beita pyndingum eða annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Í öllu falli telur nefndin ríka ástæðu til þess að frumvarphöfundar geri ítarlega grein fyrir þeim rökum, sem búa að baki þessari tilhögun og þeim heimildum sem hún styðst við, í athugasemdum með frumvarpinu.

Þá telur laganefndin álitafni, hvort ekki sé rétt að láta dómstólum eftir ákvörðunarvald um það, hverjir fái tækifæri til þess að afplána refsingu sína í formi samfélagsþjónustu, fremur en fangelsismálayfirvöldum, eins og ráðgert er með ákvæðum frumvarpsins, sbr. kafla D.

Laganefnd LMFÍ gerir að öðru leyti eftirgreindar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

**3. gr.** Um ákvæði 3. gr. hefur þegar verið fjallað að nokkru leyti hér að framan. Laganefndin getur ekki fallist á vistun gæsluvarðhaldsfanga meðal afplánunarfanga og þá telur nefndin einnig eðlilegt að gerður verði sá fyrirvari í 4. mgr. varðandi vistun gæsluvarðhaldsfanga í fangageymslum lögreglu, að vistunin sé einungis í sérstökum tilvikum og þá aðeins um skemmri tíma, á sama hátt og þegar um afplánunarfanga er að ræða, sbr. 3. mgr.

**6. gr.** Ákvæði 3. mgr. um bótarétt fangavarða er ónákvæmt. Þannig er t.a.m. ekki vikið að því hver eigi að greiða bæturnar, á hvaða grunni þær skuli byggðar, afmörkun bóta-skyldunnar er óljós, sbr. orðalagið "...vegna starfs síns" o.s.frv.

**14. gr.** Laganefndin gerir athugasemdir við ákvæði 4. mgr. varðandi rétt fanga til að tjá sig áður en ákvörðun er tekin um að flytja hann á milli fangelsa eða klefa. Telur nefndin

það sjálfsagða meginreglu að föngum sé gefinn kostur á að tjá skoðun sína og færa rök fyrir henni, áður en gripið er inn í daglegt líf þeirra með afgerandi hætti, t.a.m. með því að færa þá á milli fangelsa.

**15. gr.** Laganefndin telur það skýlausan rétt fanga, sem sannanlega er það veikur að hann þarfnast innlagnar á sjúkrahús, að hann fái notið þeirrar þjónustu. Hið sama á við um aðra meðferð sem þörf er á. Í þessu sambandi sýnist eðlilegt og sjálfsagt að byggt sé á læknisfræðilegu mati eða sérfræðiáliti af öðrum toga, fremur en á mati fangelsismála-stofnunar, eins og skilja má af orðalagi 1. mgr.

**17. gr.** Eðlilegt er að setja það skilyrði í 2. mgr. að notkun andlitsmyndar af fanga sé bundin við afplánun fangans, sbr. t.a.m. 81. gr. frumvarpsins.

**18. gr.** Sjálfsagt er að fangi eigi rétt á því að fá upplýsingar um þau atriði sem talin eru upp í greininni á tungumáli sem hann skilur.

**26. gr.** Laganefndin telur það eðlilega meginreglu og sjálfsögð mannréttindi, að gefa föngum kost á að tjá sig áður en gripið er með verulegum hætti inn í daglegt líf þeirra, t.a.m. með þeim hætti að flytja þá af stofnun eða heimili og í fangelsi á ný.

**33. gr.** Heimild fangelsisýfirvalda til líkamsleitar og líkamsrannsóknar á þeim sem heim-sækja fanga er að mati laganefndarinnar of rúm. Eðlilegt er að gera þann áskilnað að grunur liggi fyrir um að viðkomandi hafi meðferðis muni eða efni, sem óheimilt er að hafa í fangelsi. Ætla verður einnig að ákvæði 53. gr. um leita í klefa fanga, 54. gr. um líkamsleit á fanga og 55. gr. um líkamsrannsókn á fanga veiti fangelsisýfirvöldum full-nægjandi úrræði til að finna óleyfilega muni eða efni, sem borist hafa inn í fangelsi. Þá er eðlilegt að ákvörðun sé tekin með rökstuddri bókun.

**35. gr.** Skilyrði 2. mgr. um að samtal skuli fara fram á tungumáli sem fangavörður skilur takmarkar um of að mati laganefndarinnar rétt þeirra fanga sem hafa annað móðurmál en íslensku. Eðlilegra sýnist að fangavörður kalli til túlk sem gæti hlýtt á samtal og þýtt fyrir fangavörð. Þá er eðlilegt að ákvörðun um heimsókn undir eftirliti sé tekin með rök-studdri bókun.

**36. gr.** Á sama hátt og um 35. gr. þá takmarkar skilyrði 3. mgr. um að símtal skuli fara fram á tungumáli sem fangavörður skilur takmarkar um of rétt þeirra fanga sem hafa annað móðurmál en íslensku. Eðlilegra sýnist að fangavörðum verði í þessu tilviki heim-ilað að kalla til túlk sem gæti hlýtt á símtal og þýtt fyrir fangavörð. Þá er óljóst sam- kvæmt 3. mgr. hvort tilkynna á fanga um hlustun áður en símtal hefst eða eftir að því er lokið.

**37. gr.** Skilyrði 1. mgr. um að bréfaskipti fari fram á tungumáli sem fangavörður skilur takmarkar um of rétt þeirra fanga sem hafa annað móðurmál en íslensku. Eðlilegra sýnist að fangavörðum verði í þessu tilviki heimilað að kalla til skjalapýðanda sem gæti þýtt fyrir fangavörð.

**40. gr.** Laganefndin telur eðlilegt að mælt sé fyrir um það í lögum að erlendur fangi eigi rétt á túlki við tiltekna aðstæður, t.a.m. er honum er gerð grein fyrir réttindum sínum og skyldum, svo og ef hann vill ræða við lögmann sinn eða láta reyna á rétt sinn til kæru eða kvörtunar, sbr. t.d. 2. mgr. 37. gr. frumvarpsins.

**52. gr.** Rétt þykir að gera þá kröfu í niðurlagi 1. mgr. að rökstudd ástæða skuli liggja fyrir um það að fangi muni misfara með leyfið.

**53. gr.** Eðlilegt er að fulltrúi fanga, t.a.m. trúnaðarmaður fanga, sé viðstaddur leit í fangaklefa.

**54. gr.** Rétt þykir að ákvörðun um líkamsleit verði tekin með rökstuddri bókun á sama hátt og ákvörðun um leit í klefa eða ákvörðun um líkamsrannsókn. Þá er rökrétt að leit innanklæða sé framkvæmd af fangaverði af sama kyni, en ekki aðeins af fangelsisstarfsmanni af sama kyni.

**59. gr.** Heimild 2. mgr. til að aðgreina fanga frá öðrum til að afstýra því að hann beiti aðra fanga yfirgangi er í senn of rúm og ónákvæm. Skilgreina þarf nánar hvað felst í orðinu yfirgangur samkvæmt ákvæðinu. Þá efast laganefndin um það að notkun á spenniból samrýmist 68. gr. stjórnarskrárinnar og 3. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Þá verður ekki séð að notkun þess háttar búnaðar sé nauðsynleg í nútímanum.

**60. gr.** Að mati laganefndarinnar samrýmist notkun öryggisklefa og sumra þeirra tækja, sem nefnd eru í 2. mgr., vart nútímaviðhorfum um fullnustu refsinga, sbr. áður tilvitnuð ákvæði stjórnarskrárinnar og Mannréttindasáttmála Evrópu. Þá er hætt við að kærueimild 4. mgr. reynist haldlítill í reynd þar sem ætla verður að þær aðstæður sem mögulega kalla á vistun í öryggisklefa geri það sömuleiðis að verkum að fangi er ófær um að nýta rétt sinn til kærue. Laganefndin telur nauðsynlegt í þessu tilviki, að kallaður verði til utan- aðkomandi aðili, svo sem lögmaður, sem gæti hagsmuna viðkomandi fanga. Þá er jafnframt eðlilegt að ákvörðun um vistun í öryggisklefa sé tekin með rökstuddri bókun.

**62. gr.** Ekki verður séð að rök séu til þess að stytta frest dómsmálaráðuneytisins til að taka afstöðu til kærue varðandi agaviðurlög frá því sem nú er, sbr. 5. mgr. 31. gr. laga nr. 48/1988 um fangelsi og fangavist.

**63. gr.** Rétt þykir að heimild samkvæmt þessari grein sé takmörkuð við sérstakar aðstæður.

Með vísan til framanritaðs getur laganefnd LMFÍ ekki mælt með því að frumvarp til laga um fullnustu refsinga verði lögfest í óbreyttri mynd.

Virðingarfyllst,

**f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands**

---

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl., formaður